

REGLUR

um nám í mjólkuriðn.

1. gr.

Fræðslunefnd í mjólkuriðn.

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefnd í mjólkuriðn sem ætlað er að hafa umsjón með námi nemenda í mjólkuriðn eins og nánar greinir í reglum þessum. Fræðslunefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir að fenginni tillögu starfsgreinaráðs matvæla- og veitingagreina og skulu þeir að jafnaði hafa lokið meistara- og sveinsprófi í mjólkuriðn. Einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kýs sér formann.

2. gr.

Undirbúningur náms.

Við upphaf náms í mjólkuriðn skal nemi vera orðinn fullra 16 ára og hafa lokið skyldu-námi og staðist inntökuskilyrði starfsnámsbrauta framhaldsskóla samkvæmt reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla eða hafa lokið annarri hliðstæðri menntun. Nemi skal fara á námssamning hjá mjólkursamlagi skv. heimild fræðslunefndar og starfa þar undir handleiðslu meistara. Fræðslunefnd í mjólkuriðn staðfestir námssamninga í iðninni samkvæmt heimild í sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið.

3. gr.

Námstilhögun.

Námstími er fjögur ár, þar af eru 16 mánuðir bóklegt nám. Reynslutími skv. námssamningi er þrjú mánuðir og á þeim tíma er samningurinn uppsegjanlegur án fyrirvara. Í verklegum hluta námsins skal nemandi afla sér fjölbreyttrar starfsþjálfunar hjá mjólkursamlagi, einu eða fleirum, í samráði við fræðslunefnd. Í 5. gr. námssamnings skal getið um vinnustaðaskipti. Meistari skal tryggja að nemi kynnist starfinu þannig að hann sé að námi loknu fær um að vinna sjálfstætt við öll algengustu störf innan mjólkursamlaganna. Að öðru leyti fer um gerð námssamninga í mjólkuriðn eftir reglugerð um námssamninga og starfsþjálfun, nr. 280/1997.

4. gr.

Bóklegt nám.

Bóklegt nám í mjólkuriðn fer fram á vegum fræðslunefndar í mjólkuriðn í Danmörku (*Mejeribrugets uddannelsesudvalg*) á grundvelli þarlendrar námstilhögunar.

5. gr.

Sveinspróf.

Nemar í mjólkuriðn ljúka námi og gangast undir sveinspróf í iðn sinni við *Dalum Tekniske Skole*. Sótt skal um útgáfu sveinsbréfs í mjólkuriðn til menntamálaráðuneytisins sem veitir umsögn til iðnaðarráðuneytisins að fenginni umsögn fræðslunefndar í mjólkuriðn. Ef árangur á sveinsprófi telst fullnægjandi að mati menntamálaráðuneytisins gefur iðnaðarráðuneytið út sveinsbréf í mjólkuriðn til viðkomandi.

6. gr.

Meistaránám.

Meistararéttindi í mjólkuriðn er heimilt að veita þeim sem lokið hefur tveggja ára námi við *Dalum Tekniske Skole* sem „*Procesteknolog med speciale i Mejeridrift*“ eða sambærilegu námi og hefur jafnframt unnið undir stjórn meistara í mjólkuriðn í a.m.k. eitt ár sbr. 10. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 29. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 30. ágúst 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.